

Kostnaðaráætlun m.v. 180 manns

Matur	846.000
Hljómsveit	300.000
Kaffi, skraut og dúkar	100.000
Húsaleiga	50.000
Gæsla	50.000
Fordrykkur	35.000
Stefgjöld	26.000
Nefndarkostnaður	25.000
Leikmunir	10.000
Tækifærisleyfi	10.000
Heildarkostnaður	1.452.000

Tekjuáætlun m.v. 180 manns

Miðaverð	8.000
Fjöldi gesta	180
Samtals tekjur	1.440.000

Hagnaður (Tap) (12.000)

Við 184 selda miða er komist upp fyrir núllpunkt miðað við þessar forsendur.

Allir í nefndinni eru meðvitaðir um það að brugðist geti til beggja vona með aðsókn. Kynning á dansleiknum hefur farið fram á facebook og dreifibréf verður borið út í tíma. Kostnaði við aðföng verður haldið í lágmarki og tengsl nýtt til hins ýtrasta til að ná hagstæðu verði á nauðsynlegum kostnaði.

Rekstur hjónaballanna hefur farið í gegnum reikning Ungmennafélags Skeiða. Oftar en ekki hefur ungmennafélagið þurft að taka á sig tap af hjónaböllum, en stöku sinnum hafa þau skilað smávegis afgangi.

Á fundi Hjónaballsnefndar 2018 var rætt um það að óska eftir stuðningi sveitarstjórnar í formi fjárhagslegs bakhjarls. Helstu rökin fyrir því sem komu fram á fundinum voru þau að sambærilegur viðburður væri haldin í sveitarfélaginu á þorranum í Árnesi sem væri á ábyrgð Þorrablótnefndar hvers árs, en sveitarfélagið ábyrgðist fjárhagshlið þorrablótins. Fundarmönnum þykir að þessu leyti ójafnræðis gæta á milli þessara viðburða í sveitarfélaginu.

Mér var falið, sem formanni Hjónaballsnefndar 2018, að óska eftir því við sveitarstjórn að hún gangi í fjárhagslega ábyrgð fyrir hjónaböllum eins og hún hefur gert í tilfellum þorrablóta.

Bestu kveðjur

Bjarni H Ásbjörnsson
bjarni@kilhraun.is
s. 898 6463